

Listaháskóli Íslands
Tónlistardeild
Tónsmíðadeild / Almennar tónsmíðar

Hinn hreini tónn

Um söng, meðfædda hæfileika og áunna eiginleika.

Soffia Björg Óðinsdóttir
Leiðbeinandi: Dagrún Hjartardóttir
Janúar 2014

Í þessari ritgerð er þeirri spurningu varpað fram hvort söngur og hæfileikinn til þess að syngja er meðfæddur eða áunninn eiginleiki. Í inngangi eru lagðar fram ýmsar spurningar sem snúa að efninu og innblásið af eigin upplifun, samtölum og reynslu. Fjallað er um köllun tónlistarmannsins og ferðalagið að því að finna sitt tónlistarsjálfið og hverju þarf að huga að í leiðinni. Sendar voru út kannanir og spurningar til úrtaks söngkennara og atvinnusöngvara þar sem mismunandi spurningar eru lagðar fram fyrir hvorn hóp varðandi meðfæddan hæfileika og áunninn eiginleika og eru niðurstöður unnar úr svörum þeirra. Einnig eru þrjú tónlistarfrávik kynnt: Fullkomin tónheyrn, amusia (tónblinda) og cochlear amusia (galli í kokhlust) og í framhaldi þess er virkni heilans skoðuð í samhengi við hæfileika og getu og hvort tenging sé á milli gena og hæfileika. Niðurstöður viðtala, kannana, samtala og reynslu eru teknar saman í lokin.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Meðfæddur hæfileiki eða áunninn eiginleiki?.....	5
3. Köllunin	7
4. Viðtöl við atvinnusöngvara	8
4.1 Samantekt og niðurstöður	10
5. Tónlistarfrávik.....	10
5.1 Fullkomið tóneyra	10
5.2 Amusia – Tónblinda	11
5.3 Cochlear Amusia.....	12
6. Líkaminn og heilinn.....	13
7. Könnun – Söngkennarar.....	14
7.1 Samantekt og niðurstöður	17
8. Lokarorð.....	18
Heimildir	19

1. Inngangur

Efni þessarar ritgerðar sprettur út frá vangaveltum mínum á þeirri umbreytingu sem söngródd mín hefur farið í gegnum síðastliðin ár. Margar spurningar koma upp í huga mér varðandi þá sönghæfileika almennt. Er þetta einungis þjálfun? Og ef svo er, geta allir orðið góðir söngvarar með þjálfun? Eða fá sumir eitthvað aukalega í vöggugjöf sem hjálpar þeim að feta tónlistarveginn? Er þetta í genunum eða er það ástríðan sem hvetur mann til dáða?

Margir, bæði í móður- og föðurfjölskyldu minni, leggja stund á tónlist og alltaf hef ég hugsað sem svo að ég hafi fengið söngróddina úr móðurætt og hæfni til þess að spila á hljóðfæri úr föðurætt. Ómeðvitað var ég búin að ákveða að ég hafi farið í genabankann og tekið út mína innistæðu. Þó kemur til greina að maðurinn verði fyrir áhrifum frá umhverfi sínu frekar en að þetta sé arfgengt á líffræðilegan hátt.

Til að leita svara við vangaveltum mínum sendi ég spurningar á úrtak söngkennara sem og atvinnusöngvara er fást við mismunandi tónlistarflutning og eru á öllum aldri. Þessir hópar fengu mismunandi spurningar og kannaðar verða skoðanir frá hvorum hóp fyrir sig.

Umræðan um það hvort umræddur hæfileiki sé meðfæddur eða áunninn (e. Nature vs. nurture) er ekki nýtilkomin og hafa fræðimenn velt henni fyrir sér í áraraðir. En áhugavert finnst mér að tengja hana við söng og sönghæfileika, og skoða hvaðan þeir koma, hvort það sé frá áhrifavöldum, með æfingu eða úr ættlegg.

2. Meðfæddur hæfileiki eða áunninn eiginleiki?

Þegar við sjáum eða heyrum vel skapaða list þá hugsum við með okkur: „Þessi hefur mikla hæfileika!“ Ef kafað er aðeins dýpra í málið og skoðað af hverju listamaðurinn er svona hæfileikaríkur og hvaðan þessi einstaka gáfa er fengin, þá segja margir að listrænir hæfileikar séu meðfæddir, þ.e.a.s. hæfninni var útteilt í vöggugjöf. Aðrir segja að þetta séu áunnir eiginleikar, að listamaðurinn þrói og æfi upp ákveðna tækni og mikil vinna og dugnaður skili honum góðum árangri.

Auðvelt er að ganga út frá þeirri hugmynd að einstaklingur fæðist með ákveðna hæfileika sem auðveldi honum fyrir í námi og starfi. Hann sé fremri á einhverju sviði og þá sé leiðin lögð og framtíðin björt. Þá þyrfti hann ekki að hafa eins mikið fyrir námi og vinnu líkt og samnemendur sem eru kannski ekki alveg eins hæfileikaríkir og þurfa að leggja harðar að sér. En eins og flestir komast að sem leggja af stað í lífið þá gerast hlutirnir ekki af sjálfu sér. Til þess að vera farsæll í því sem tekið er sér fyrir hendur þarf að leggja til mikla vinnu og tíma, sama hversu miklir hæfileikar eru til staðar fyrir. Tökum tvo nemendur sem dæmi. Þeir eru samferða í námi en mjög ólíkir einstaklingar hvað varðar hæfni og gáfur. Annar er mjög hæfileikaríkur og honum er spáð velferðar á sínu sviði. Hinn er meðalgáfum gæddur á sama sviði, en hann er duglegri, metnaðarfullri og ástríðufyllri. Það gæti verið sem svo að sá sem er meiri hæfileikum gæddur hafi minni metnað og ástríðu og mögulega of öruggur – einmitt vegna þess að hann hefur meira forskot.

Það er gefið spil að með allar listgreinar þarf ástríða að liggja að baki. Sjálf áttaði ég mig seint á því að ég vildi einbeita mér að tónlistinni (og er það sem nefnist á ensku *late bloomer*)¹ og mögulega hefði ég ekki hafið tónlistarnám nema með hvatningu minna nánustu og þeirra trú á mig. Ég hafði alla burði til þess fyrir utan sjálfsöryggið. Og því meira sjálfsöryggi, því meiri vellíðan sem getur meðal annars leitt til þess að tjáningin í gegnum tónlist verður óhindruð. Í mínu tilfelli fór af stað keðjuverkun og ástríðan varð meiri. Ef orsakasamhengi á milli ástríðu og hæfileika er skoðað þá er ljóst að ástríða listamannsins er lífsnauðsynleg allri list. Tökum sem dæmi söngvara sem syngur án þess að hafa áhuga eða getu til að tjá tilfinningar sem eru að baki hverjum lagstúf. Væri hægt að trúa þeirri sögu sem hann væri að segja? Söngurinn er ef til vill fallegur en fer ekki með hlustandann á þann stað sem skáldið

¹ Gladwell, M. „Late Bloomers”, í *The New Yorker*, október 2008, sótt 26. nóvember 2013, http://www.newyorker.com/reporting/2008/10/20/081020fa_fact_gladwell

var staðsett er hann samdi verkið. En hvað verður um þetta óhefta tjáningarfrelsi sem sjá má hjá krökkum? Maður sér það yfirleitt áður en þau verða meðvituð um sjálfið, bæði hegðun og útlit er þau nálgast unglingsaldurinn. Áður en það gerist brýst tjáningin út á allavega máta, hvort sem það er að segja sögur, syngja af hjartans list, hlaupa og dansa o.s.frv. Móðir mín rifjar upp minningar af sér sem barni þegar hún stóð uppi á eldhússtól og söng af öllum lífs- og sálarkröftum. Hún sagðist hafa verið að syngja fyrir heiminn og að þetta hafi þurft að brjótast út. Einnig man hún eftir því að hafa séð þýska dans- og söngvamynd í bíó og varð svo hrifin að hún söng og dansaði alla leiðina heim líkt og fólkið í myndinni. Sem ung kona fór hún í verslunarnám og tók ákvörðun um að hún ætlaði að vera hagsýn og vinna og sjá um heimilið. En þessi logi innra með henni var alltaf til staðar. Hún var fertug þegar hún fór svo í söngnám. Hún segir sönginn vera „eintal við sálina“, frekar en að hafa ætlað sér að verða skemmtikraftur.

Ég á oft eintöl við sjálfa mig og er það ákveðin heilun tónlistarmannsins að geta tjáð sig í gegnum listformið. En hvaða samtal á sér stað milli flytjanda og áheyranda? Sem tónlistarunnandi hef ég oftast en ekki setið á tónleikum með ókunnugu fólki og barist við tárin. Söngvarinn getur vakið upp allskyns tilfinningar með frásögn sinni, hvort sem þær eru fegurð eða sorg, gleði eða grín og oftast en ekki sækja hlustendur minningar og upplifanir úr sínu eigin lífi og setja sjálfið inn í söguna. Það er nefnilega svo magnað að finna fyrir svo sterkum hughrifum að hömlur og sjálfstjórn missa aðeins tök á huga og líkama. Bob Dylan og Maria Callas geta framkallað sömu áhrif þó að þau séu mjög ólíkir listamenn, en bæði eiga þau samtal við hlustendur. Þá fer ég enn frekar að velta því fyrir mér – hvað er „sönghæfileiki“ og hvað er þetta „það“ sem fólk þarf að hafa til að kalla fram slík áhrif? Þetta aukakrydd, eitthvað umfram annað, eitthvað ákveðið sem stundum er ekki hægt að festa fingur á en það er þarna engu að síður. Það gæti t.d. verið heillandi persónuleiki, hljómfall raddarinnar, áferð á víbratói söngvara o.s.frv. Fyrir mér er mjög margt sem getur haft áhrif á þá hugsun mína að einhver sé góður söngvari. Þetta ákveðna „það“ er mismunandi í augum fólks því það skynjar hluti á mismunandi vegu.

3. Köllunin

Þegar einstaklingur hefur uppgötvað sína köllun nær sú tilfinning lengra en almenn gleði og hamingja líðandi stundar. Náttúrulegir hæfileikar og ástríða spila þar lykilhlutverk. Einstaklingurinn er búinn að finna sjálfan sig og er ekki að velkjast í vafa um tilgang sinn eða hvað skilgreinir hann. Hann er meira lifandi og einbeittari og tíminn virðist líða hraðar þar sem einbeitingin er í hámarki og auðveldara er að gleyma sér í gleðinni.

Fræðimaðurinn Ken Robinson fjallar um köllunina í bók sinni *The Element*. Hann segir: „Köllunin einkennist af tveimur þáttum; og það eru tvö skilyrði sem þarf til. Þættirnir eru hæfileikar og ástríða, skilyrðin eru viðhorf og tækifæri.“² Og jafnvel er ekki nóg að hafa óbilandi ástríðu og ómælda hæfileika, það þarf ekki að vera hin endanlega uppskrift að velgengni í lífi og starfi. Ef að tækifærið til þess að sýna fram á eigið ágæti er ekki til staðar þá er óvíst hvort einstaklingurinn fái að sanna sig. Til þess að geta lifað á listinni þarf að vinna jafnhart að því að skapa tækifæri jafnt sem listina sjálfa.

Ef við horfum 50–60 ár til baka í tímann þá var smærri hópur tónlistarmanna sem átti senuna. Viðhorfin voru þrengri í þjóðfélaginu og get ég ímyndað mér að amma mín, sem var söng- og leikkona á þeim árum, hafi mætt einhverju mótlæti fyrir það að vera bæði kona og skemmtikraftur. Núna er Ísland orðið að tónlistarmekka í norðri og miðað við höfðatölu eru gróskan mikil. Tæknin er framþróaðri og allt er orðið sýnilegra og aðgengilegra á veraldarvefnum. Það auðveldar fólki að búa til tækifæri sem er jákvætt.

Að geta ekki nýtt hæfileika sína til hins ýtrasta er dapurlegt og oftar en ekki fylgir eftirsjá ef draumar eru ekki eltir alla leið. Þar kemur viðhorfið til sögunnar. Viðhorf til síns sjálfs og hvernig maður sér umhverfið. Fyrst og fremst þarf að horfa á sjálfan sig með eigin augum en ekki speglum annarra og samanburður getur verið neikvæður. Þegar ég hætti að bera mig saman við aðra varðandi söng eða nám þá varð lífið miklu léttara. Að semja lög varð auðveldara og túlkun laga eða verka kom náttúrulega. Viðhorf til vinnu og verkefna þarf að vera gott og bjartsýni og jákvæðni sakar ekki. Aldrei að sjá vandamál sem vandamál heldur verkefni til að leysa. Líkt og

² Robinson, Ken, *The Element; How finding your passion changes everything*, Viking, New York, 2009, bls. 22.

Evelyn Glennie slagverksleikari orðar svo ágætlega: „Það er mikilvægt að grípa hvert tækifæri sem verður á þínum vegi, en það þarf líka að æfa þá list að skapa sín eigin tækifæri“.³

4. Viðtöl við atvinnusöngvara

Ég tók viðtöl við nokkur þekkt nöfn í tónlistarsenunni sem hafa tónlist að lífsviðurværi og spurði þau þessarar spurningar: Það er sagt að einhver sé með „tónlist í blóðinu“. Myndir þú segja að hæfileikinn sé arfgengur eða gætir áhrifa úr umhverfi og uppeldi?

Kristján Kristjánsson (KK), 57 ára „singer/songwriter“ gítarleikari, sem flytur blús-, þjóðlaga- og rokktónlist:

„Ég tel að arfgengi tónlistargetu sé ótvíræð. En ég myndi segja að flestir séu með tónlistargetu. Ástæðan fyrir því að sumir gera þetta að atvinnu til listsköpunar er ástríðan, sem þarf ekki endilega að vera háð tónlistargetu. Og kannski mætti bæta við að hver og einn hefur sinn einstaka „tón“ og með ástríðunni þarf þor, að þora (og geta/kunna) að vera þú sjálfur. Þar hefur umhverfið og uppeldið mikið að segja.“⁴

Ösp Eldjárn Kristjánsdóttir, 28 ára, jazz- og þjóðlagasöngkona:

„Ég held að það sé mögulega sambland af því. Maður hefur ákveðna eiginleika sem maður erfir, beinabygging og annað, en ég tel að það sé mestmegnis umhverfið sem mótar mann. Maður getur haft eiginleikann til að vera góður tónlistarmaður, verið næmari fyrir tónum og hrynn, en fáir maður ekki örvun og þjálfun gæti sá hæfileiki farið til spillis. Sumsé, bæði.“⁵

³ „It’s important to grab on to any opportunity that comes your way, but you also need to practice the art of creating your own opportunities“ Weiss, L.V. „Evelyn Glennie“, í Percussive Arts Society, sótt 8. janúar 2014.

<http://www.pas.org/experience/halloffame/GlennieEvelyn.aspx>

⁴ Kristján Kristjánsson, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffíu Bjargar, 6. janúar 2014.

⁵ Ösp Eldjárn Kristjánsdóttir, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffíu Bjargar, 6. janúar 2014.

Snorri Helgason, 29 ára þjóðlaga- og popptónlistarmaður:

„Nei. Alls ekki. Þetta er 100% lærd hegðun. Þetta lærir allt á því hvernig þú tekur inn tónlist í þínu lífi og hvernig þú lítur á hana og metur. Ég kunni ekki að syngja þegar ég byrjaði sirka 17 ára. Svo hef ég hægt og rólega lært að beita því sem ég hef á einhvern hátt sem ég (og vonandi aðrir) eru sáttir með.“⁶

Fríða Dís Guðmundsdóttir, 26 ára söngkona og bassaleikari:

„Ég tel að tónlistargeta einstaklings sé flétta allra þessara ólíku þátta en vissulega eru ekki allar fléttur eins. Auðvitað má sömu sögu segja um tónlist og allt sem fólk tekur sér fyrir hendur, æfingin skapar meistarann eða tónlistarmanninn í þessu tilfalli. En vissulega er ekki hjá því komist að tónlistin liggi betur fyrir sumum en öðrum sem þurfa að leggja meira á sig til að öðlast álíka hæfni.“⁷

Hafsteinn Þórólfsson, 36 ára klassískt menntaður söngvari:

„Það kæmi mér ekki á óvart ef að eitthvað erfðist. Það geta allir lært ákveðna hluti en músíkalítet er eitthvað sem virðist vera innbyggt eða er allavega erfiðara að kenna. Þetta spilar mikið saman. Ég held að það sé t.d. hægt að kenna hluti er varða að nema hljóð (styrk, tóna o.s.frv.) og líkamlega beitingu og tæknileg atriði varðandi söng eða hljóðfæri en eins og ég nefni með músíkalítet að þá tel ég það vera annað mál.“⁸

Valdimar Guðmundsson, 28 ára söngvari og básúnuleikari:

„Ég held að það sé blanda af báðu. Ég held að til þess að verða almennilega fær í tónlist þá þurfir þú að hafa „það“, en þú þarft að vinna með „það“ til að komast á næsta getustig og æfa þig og rækta hæfileikana. Mitt uppeldi í tónlistarskólanum að spila með hinum og þessum lúðrasveitum og léttisveitum og stórsveitum hefur haft heilmikið að segja með það hvert ég er kominn í tónlist í dag til dæmis. Það fæðist enginn fullmótaður sem tónlistarmaður.“⁹

⁶ Snorri Helgason, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffiu Bjargar, 7. janúar 2014.

⁷ Fríða Dís Guðmundsdóttir, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffiu Bjargar, 7. janúar 2014.

⁸ Hafsteinn Þórólfsson, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffiu Bjargar, 7. janúar 2014.

⁹ Valdimar Guðmundsson, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffiu Bjargar, 8. janúar 2014.

Sigríður Thorlacius, 31 árs klassískt- og jazzmenntuð söngkona:

„Ég held að allir hafi einhverja meðfædda hæfileika, það er svo okkar sjálfra að finna þá og rækta. Sumir finna þá strax – aðrir þurfa að leita og reka sig á og finna sig svo að lokum. Hins vegar fæðist enginn snillingur (eða segjum fáir ...) – snillingar finna sína sterkleika fljótt og hlúa að þeim frá blautu barnsbeini. Þar spila saman nokkrir þættir,– einhver meðfædd gjöf, kveikjan að því að finna hana, eljusemi og ástríða gagnvart henni og svo þrotlaus vinna. Uppeldi og umhverfi hafa áhrif á þessa þætti – sé hljóðfæri á heimilinu er líklegra að barn fari að glamra á það, finni það vekja hjá sér gleði og spennu og svo framvegis. Einnig hlýtur að spila inn í hvort viðkomandi fái örvun og stuðning. Það fer svo væntanlega eftir karaktereinkennum hvers og eins hversu mikinn stuðning og hversu mikla athygli/aðhlúun þeir þurfa.“¹⁰

4.1 Samantekt og niðurstöður

Yfir heildina litið er tónlistarfólkið á svipuðu máli. Sumir einstaklingar er víraðir þannig að tónlist liggur betur fyrir þeim, með einhvern þátt sem erfiðara er að kenna. En hægt er með elju og vinnusemi að ná svipuðum árangri og jákvæð örvun í uppeldi og umhverfi skiptir máli. Snorri segir að hæfileiki sé 100% áunnið fyrirbæri sem stangast á við svör allra, sem er áhugaverð sýn á hans upplifun verandi sjálflærður listamaður og KK lýsir ástríðu og kjarki til þess að vera maður sjálfur. Þó að tónlistarlegt forskot sé til staðar þýðir það ekki að björninn sé unninn. Mikil vinna liggur að baki hverjum listamanni hvort sem hann er skólagenginn eða ekki og líkt og Valdimar bendir á; það fæðist enginn fullmótaður tónlistamaður.

5. Tónlistarfrávik

5.1 Fullkomið tóneyra

Fólk með fullkomið tóneyra heyrir tón og veit um leið hvað hann heitir. Það lýsir því líkt og að geta séð og sagt hvað litirnir heita. Þessi eiginleiki er algengari hjá tónlistarfólki og rannsóknir sína að einstaklingar sem hefja tónlistarnám snemma eru líklegri til að vera með fullkomið tóneyra. Jórunn Viðar tónskáld er með fullkomið tóneyra og var það staðfest í inntökuprófi í þýskum tónlistarskóla og segir hún það

¹⁰ Sigríður Thorlacius, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffíu Bjargar, 8. janúar 2014.

hafa hjálpað henni mjög mikið í gegnum allan sinn tónlistarferil.¹¹ En þetta er samt sem áður ekki bundið einvörðungu við tónlistarfólk, heldur er það óháður eiginleiki. En það er hægt að þjálfra upp fullkomna heyrn með mikilli æfingu, þó svo að öllum takist það ekki. Ef maðurinn tapar einu skynfæri þá eflast önnur og t.d. ungabörn sem fæðast blind eða verða blind mjög ung eru líkleg til þess að fá fullkomið tóneyra og er talið að um helmingslíkur séu á því skv. sumum rannsóknum.¹²

Tungumál tengist þessu og eru t.d. mandarín og víetnamíska tónal tungumál, þ.e.a.s. orð eru bundin við tónhæð. Tónbil niður í kvarttóna, og jafnvel minna, eru notuð í þeim tungumálum. Þannig er stöðug tónheyrnarþjálfun í gangi og hefst hún um leið og barnið skynjar orð og byrjar að tala. Áhrifaríkast er að byrja fyrir 7–8 ára aldur, eftir það er erfiðara að æfa upp fullkomna tónheyrn.

5.2 Amusia – Tónblindu

Börn eru næm fyrir tónsköllum og takti og þau virðast einnig finna mun á milli ómblíðra og ómstríðra tónbila. Þetta gefur til kynna að músíkölsk skynjun sé gefin í vöggugjöf, að því gefnu að taugakerfið sé í lagi og barnið þjáist ekki af tónblindu.

Amusia eða tónblindu er tónlistarröskun sem lýsir sér þannig að maðurinn á erfitt með að halda lagi, hryn og greina tónbil. Einnig hefur það áhrif á tónlistarminnið og að þekkja tónlist. Til eru tvær gerðir af tónblindu; áunnin tónblindu sem er tilkomin vegna heilaskaða eða meðfædd tónblindu sem greinist frá unga aldri. Og innan þessara meginflokka má svo kryfja „blinduna“ niður í fleiri smærri greinar og hvað það er nákvæmlega sem að einstaklingurinn heyrir ekki.

Tóntegund ákvarðast út frá grunntóni sínum, og yfirleitt er það þannig að ef lag byrjar á nóttunni A þá er lagið í tóntegundinni A-dúr eða a-moll. Þetta er grunntónn tóntegundarinnar og fólk með tónblindu heyrir ekki ef að t.d. röng nóta er spiluð í lagi sem það mögulega þekkir. Það gerir sér hvorki grein fyrir stefnu né tónhæð því í þeirra eyrum er enginn grunntónn. Þetta er líkt og músíkölsk manneskja væri að hlusta á atónal tónlist. Hún virðist vera stefnulaus þó svo hún sé samin eftir formúlu, við fyrstu hlustun er engin leið að ákvarða hvað kemur næst. Og samkvæmt þessu má í raun gera ráð fyrir því að fólk með tónblindu geri ekki greinarmun á tónal

¹¹ Ari Alexander Ergis Magnússon leikstjóri, *Orðið tónlist: Jörunn Viðar*, heimildarmynd, Ergis Film Production, Reykjavík, 2009.

¹² Sacks, Oliver, *Musicophilia*, Picador, London, 2008

og atónal tónlist. Hrynblinda eða rytmablinda flokkast einnig undir tónblinduþakið og sérstaklega áunnin hrynblinda sem orsakast við heilablóðfall.

Það merkilega við þetta eru heilahvelin og mismunandi virkni þeirra á hryn. Ef að slag hefur orðið í vinstra heilahveli þá er hægt að missa taktskynjunina en tónblinda kemur ekki fram á þann hátt að viðkomandi getur ekki greint tóna og tónbil. Einungis hrynskynjunin brenglast. Ef slag verður í hægri heilahveli þá getur einstaklingurinn misst tónskynjun en haldið hrynskynjun.

En að missa tilfinningu fyrir hrynjandi er sjaldgæfara vegna þess að hún kemur svo víða við í heilanum en tengist ekki bara einu heilahveli.¹³ Eitt dæmi af spjöldum sögunnar er söngkonan Florence Foster Jenkins. Tónleikar hennar voru umtalaðir og yfirleitt fyllti hún öll þau tónleikahús sem hún tróð upp í, ekki vegna hæfileika hennar heldur skort á þeim. Hún var einstaklega laglaus og taktlaus en lét það ekki stoppa sig. Tónleikargestir lágu í hláturskasti yfir aríum sem voru á fluttar á fjölnum því lögin hefðu sumhver verið óþekktanleg ef að undirleikarinn hefði ekki gerst sitt besta við að slá taktfast hljómana undir. Einnig mætti nefna „Che Guevara sem var einstaklega hrynblindur og eru sögur sagðar af honum þegar hann dansaði mambó á meðan hljómsveitin spilaði tangó.“¹⁴

En menning og uppeldi í rytmahefðum spilar einnig stóran þátt í skynjun mannsins á takti og vestræni takturinn er mjög einfaldur í samanburði við takthefðir og dansa í Suður-Ameríku sem innihalda mun flóknari hrynjandi.

5.3 Cochlear Amusia

Oliver Sacks lýsir í bók sinni *Musicophilia* röskun einni er hann nefnir *cochlear amusia* sem er galli í kokhlust. Kokhlustin er staðsett í innra eyra og í henni er vökví og himna. Á himnunni er líffærið Corti sem inniheldur hárfurur (e. hair cells). Þær nema titring og breyta honum í hljóð. Vandamálið hjá fólki með galla í kokhlust er að þessar hárfurur eyðast og geta þar af leiðandi ekki numið jafn mikinn titring. Þá grípur eyrað ekki háa tóna eða í öðrum tilfellum, heyrir tóninn ekki réttan.

Oliver segir frá virtu tónskáldi sem byrjar allt í einu að heyra falska tóna á efra sviði píanósins. Er hann kvartar undan því er honum tjáð að píanóið sé nýkomið úr stillingu og ætti því ekki að vera falskt. Hann reyndi þetta þá á rafmagnshljómborði sínu sem er ekki með innviði líkt og píanó, heldur helst alltaf í stillingu, og honum til

¹³ Sacks, Oliver, *Musicophilia*, Picador, London, 2008

¹⁴ Sacks, Oliver, *Musicophilia*, bls. 106.

mikillar skelfingar heyrði hann einnig falskar nótur á efra tónsviðinu. Af því hann var með áralanga tónheyrnarþjálfun að baki þá tók hann strax eftir þessu. Vitað er til þess að hljóðfæraleikarar sinfóníuhljómsveita virðast sumir hverjir eiga við þetta vandamál að stríða, að missa heyrn eða að heyra bjagaða tóna á efra tónsviði vegna aukinnar hávaðamengunar í sinfóníuhljómsveitum. En þetta er falið vandamál, því að atvinnuhljóðfæraleikari auglýsir ekki svo glatt að heyrn hans skynji ekki rétta tóna.¹⁵

6. Líkaminn og heilinn

„Music is in our genes“, fullyrðir Mark Jude Tramo. Hann er tónlistarmaður, lagahöfundur og taugasérfræðingur hjá læknisfræðideild Harvard. Hann er að reyna að komast að því hvernig laglína, hrynur, samhljómur og þær tilfinningar sem þær framleiða hafa áhrif á einstaka heilafrumur.

Heilinn skiptist í tvö heilahvel, vinstra og hægra heilahvel. Því hefur verið haldið fram að hægra hægrahveli sé stöð tónlistarvitundar en enginn hefur í raun getað staðsett hana þar né annarsstaðar. Sumar brautir heilans bregðast sérstaklega við tónlist en þær eiga líka þátt í myndun og vinnslu annarra hljóða. Til að mynda er svæðið sem er tengt fullkomnu tóneyra líka tengt tali og eru bæði heilahvel nauðsynleg fyrir hrynskynjun. Key Shelemay tónlistarprófessor við Harvard segir að:

Allir menn koma í heiminn með meðfædda hæfileika fyrir tónlist. Frá unga aldri er þessi hæfileiki mótaður í tónlistarkerfi þeirrar menningar sem barnið er alið upp í. Menning hefur áhrif á mótun hljóðfærisins, hvernig fólk hljómar þegar það syngur og jafnvel hvernig það heyrir hljóð. Með því að sameina rannsóknir á því hvað gerist í heilanum með menningarlegum skilningi á tónlist geri ég ráð fyrir því að við lærum miklu meira en með annari hvorri aðferð einni saman.¹⁶

Annað fyrirbæri sem líkaminn framleiðir er vibrato. Vibrato er röddinni ekki eðlislægt heldur er þetta tækni notuð til að breyta áferð raddar til að auka á tjáningu og fegurðarskyn. Ég hef alltaf haldið að þetta væri meðfætt í fólki, en ef ég hugsa málið betur hef ekki heyrt fimm ára börn syngja með vibrató. Mætti þá ekki draga þá

¹⁵ Sacks, Oliver, *Musicophilia*

¹⁶ Cromie, W.J., „Music on the brain: researchers explore the biology of music“ í *Harvard University Gazette*, 2001.

<http://www.news.harvard.edu/gazette/2001/03.22/04-music.html>

ályktun að vibrato sé hermígjörð sem gætir áhrifa úr uppeldi og umhverfi? Eða eru raddbönd sumra einstaklinga liprari og eiga þeir því auðveldara með að hreyfa hljóð?

7. Könnun – Söngkennarar

Það getur verið snúið að kenna söng, og það felst meira í þeirri kennslu en tækniæfingar og að hjálpa til við að finna lög sem henta raddblæ og raddsviði nemandans. Góðir kennarar eru til dæmis lunknir í að fá nemendur til að fara út fyrir þægindarsviðið, gera þá sjálfsöruggari og meðfram því sem öryggi eykst eru meiri líkur á því að nemandinn sleppi hendinni af bremsunni og þori að kanna mörkin.¹⁷

Ég sendi spurningar á úrtak söngkennara til þess að fá þeirra álit á hvort einstaklingar fæðist með hæfileikann eða hvort hann er áunninn. Þar sem að þeir hafa sjálfir farið í gegnum tónlistarnám og fengið reynslu á að kenna öðrum var áhugavert að fá skoðanir kennarastéttarinnar. Öll svörin eru birt með nafnleynd.

Eru sönghæfileikar meðfæddir eða áunnir?

1) Ef þér finnst þeir frekar meðfæddir:

- a) Að hvaða leyti standa þeir nemendur betur að vígi í námi?
- b) Þurfa þeir að hafa minna fyrir hlutunum?

2) Ef þér finnst þeir frekar áunnir:

- a) Að hvaða leyti standa þeir nemendur betur að vígi í námi?
- b) Eru þeir vinnusamari?

Fyrsta svar:

„Sönghæfileikar eru hvort tveggja meðfæddir og áunnir. Líffærin sem notuð eru við söng eru meðfædd og þar með blær á rödd, hversu teygjanleg röddin er (tónhæð) og hæfileikinn til að syngja rétta tóna. Tóneyra er meðfætt (að syngja hreint). Hins vegar er hægt að þróa og þjálfu alla hluti með réttri þjálfun, örvun og magni æfinga. Ef byrjað er t.d. snemma á ævinni að æfa tóneyra eru meiri líkur á að ná meiri árangri en ef þjálfun hefst seint á ævinni. Um er að ræða sömu stöðvar í heilanum eins og

¹⁷ Mason, David, The teaching (and learning) of singing, í *The Cambridge Companion to Singing*, John Potter ritstj., Cambridge University Press, Cambridge og New York, 2000, bls. 204-220.

málstöðvar. (Börn læra mörg tungumál ung og rugla engu saman). Á þessu byggist Suzuki tónlistarkennsluaðferðin. Þjálfun getur verið bein og óbein. Jákvæðni gagnvart tónlist og kynning á ákveðinni tónlist sem og jákvæð upplifun af tónlist eru allt þættir sem skipta gríðarlega miklu máli við tónlistarþjálfun og hafa áhrif á túlkunarþáttinn. Gleðin eða tilfinningarnar í tónlistinni smitar og eflir sköpun.“

Annað svar:

1) „Meðfæddir.“

1a) „Bæðir rödd og heyrn eru meðfædd og þar af leiðandi betur tilbúin.“

1b) „Já.“

Þriðja svar:

1) „Bæði meðfæddir og einnig áunnir.“

1a) „Það er léttara fyrir þá í byrjun. Margir með falleg rödd verða ekki endilega bestir. Það þarf meira til en bara röddina.“

1b) „Raddlega hafa þeir kannski forskot en það þýðir ekki að þeir sleppi létt í gegnum námið.“

2a) „Áhuginn getur verið meiri, þeir leggja meira á sig og vinna sig í gegnum vandamálin og verða oft mjög góðir söngvarar.“

2b) „Já og nei. Það er einstaklingsbundið.“ (Hvort þeir séu vinnusamari).

Fjórða svar:

1) „Mér finnast hæfileikar yfirleitt vera meðfæddir, þótt hægt sé að læra ýmislegt til að bæta sig í söng.“

1a) „Tóneyrað skiptir sköpum hjá nemendum með meðfædda hæfileika. Þeir hafa miklu meira sjálfstraust og þurfa að hafa minna fyrir því að læra lög.“

1b) „Þeir eru ekkert endilega vinnusamari, en þurfa líka ekki að vinna eins mikið til að læra hlutina. Þeir „renna“ frekar inn. Stundum vantar m.a. vinnusemi þar sem hlutirnir hafa komið svo eðlilega og áreynslulaust að nemandinn telur sig ekki þurfa að vinna. Reka sig síðan á þegar um virkilega erfið söngverk er að ræða.“

2) „Þeir sem hafa ekki þetta meðfædda talent geta náð árangri með mikilli vinnu, en það er eins og að alltaf vanti eitthvað uppá og þeir eru aldrei með sama sjálfstraustið hvað tóneyrað varðar. Aldrei hægt að treysta 100% á það og skapar það óöryggi í

framkomu og raddbeitingu. Svo er alltaf spurning um þessi fyrstu ár, m.a. í móðurkviði verður fóstrið fyrir áhrifum.

Ef barn hefur heyrt tónlist og mikið verið sungið í kringum það, þá hefur það svo sannarlega áhrif á alla getu og talent. Kannski mótast hlutirnir meira á þessum árum en við gerum okkur grein fyrir.

Einnig hef ég fengið nemendur með ágæta rödd og tóneyra, en eru samt óöruggir með sig, vegna þjálfunarleysis eða jafnvel vegna þess að þeir hafa verið brotnir niður í æsku, t.d. kennari eða foreldri hefur gagnrýnt þá og sagt að þeir sé „falskir“ eða „laglausir“. Merkilega algengt verð ég að segja.

Því myndi ég segja að þetta sé ekki alveg svart og hvítt, áunnið eða meðfætt, margir hlutir sem hafa áhrif. En þetta sérstaka „it“ hefur fólk eða ekki, það er alveg ljóst.“

Fimmta svar:

- 1) „Á margan hátt held ég að sönghæfileikar séu meðfæddir.“
- 1b) „Þeir eru yfirleitt fljótari að ná árangri og hafa ef til vill ekki mikið af vandamálum í röddinni.“
- 1b) „Oft er það þannig“ (þurfa að hafa minna fyrir hlutunum).
- 2a) „Oft er þessir nemendur duglegri og komast áfram á seiglunni.“
- 2b) „Já, yfirleitt“ (vinnusamari).

Sjötta svar:

„Mín tilfinning er sú að hæfileikinn til að syngja sé meðfæddur. Og ekki bara það: ég held að það sé öllum eðlislægt að syngja. Hins vegar er það líka deginum ljósara að umhverfi og aðstæður á uppvaxtar- og mótunarárum hafa mikil áhrif.

Sem sagt: hæfileikinn er okkur jafn eðlilegur og hæfileikinn til að tala eða hlaupa. Það ræðst svo væntanlega af félagslegum aðstæðum hvort menn verða söngvarar, t.d. vegna hvatningar eins og „mikið hefur þú fallega rödd“ og einnig af áhrifum þess að heyra söng og aðra tónlistariðkun. Röddin ein og sér er bara eins og hvert annað hljóðfæri. Ef ekki fylgjast að einbeiting og músíkalítet verður enginn söngvari.

Sem sagt: Til að svara spurningum 1 og 2 verð eg að svara neitandi.

Raddfegurðin ein gerir engan að söngvara og það er ekkert beint samband milli raddfegurðar og árangurs í söngnámi. Mér finnst aðalatriði í þessu vera það, að fyrstu ár söngnáms má líkja við hljóðfærasmíði. Flestir ef ekki allir þurfa að ganga í gegn

um þetta skeið. Sumir eru fljótari en aðrir, en mig grunar að það stafi af meiri áhuga og ástundun.

Eins og ég sagði, þá brestur mig kunnáttu til að svara þessu fræðilega, en þetta er frekar eitthvað sem ég hef á tilfinningunni.

Sjöunda svar:

„Við erum flest sköpuð og fædd til að nota röddina og fæðumst því öll með þennan hæfileika, síðan taka uppvaxtarárin með öllum sínum möguleikum, hindrunum og áhrifum við og hafa mest um það að segja hvernig við þróum sönghæfileika og áhuga með okkur. Hvað varðar námið; Mér finnst að ég hafi í gegnum mína reynslu horft á svo marga ólíka þætti sem spanna ýmist samspil eða togstreitu á milli „náttúruhæfileika“ og vinnusemi og því alls ekki alltaf fólkið sem þarf minnst að hafa fyrir náminu sem hefur mestu námsfýsnina og viljann en vissulega ef þetta kemur saman í einstaklingi þá er margar hindranir úr vegi.“

7.1 Samantekt og niðurstöður

Það voru sjö söngkennarar sem létu skoðanir sína í ljós varðandi hvort söngur er meðfæddur hæfileiki eða áunninn eiginleiki. Frekar jafnar og skiptar skoðanir voru á þessu máli og var útkoman áhugaverð. Meirihlutinn sagði að söngur væri meira meðfæddur hæfileiki eða þrír kennarar. Tveir kennarar svöruðu að söngur væri blanda af áunnu og meðfæddu, og svo aðrir tveir sem að komu með þriðja valkostinn; að allir fæðist með hæfileikann til þess að syngja og nota röddina. Þetta væri í eðli mannsins og svo tæki lífið við manneskjunni og ákvarðaði hvort hún yrði söngvari eða ekki (í einföldustu útskýringu).

Annar bendir á að söngur sé meðfæddur vegna þess að líffærin sem við fæðumst með skapa ákveðinn blæ, teygjast ákveðið langt, ná ákveðinni tónhæð og syngja rétta tóna. En þetta geta samt einnig verið hlutir sem einstaklingurinn býr sér til á söngleiðinni. Hægt er að stækka raddsvið með æfingu, og breyta algjörlega um raddblæ með annarri beitingu o.s.frv.

Úr svörunum hér að ofan verða til fleiri spurningar í mínum kalli. Ég var ekki búin að leiða hugann að þeirri kenningu að allir fæðast með hæfileikann til þess að syngja. En í sjálfu sér er eitthvað til í því. Mögulega hafa þeir sem segjast ekki geta sungið aldrei fengið tækifæri til þess og þar af leiðandi ekki fengið áhuga á því vegna skorts á hvatningu. Ástríðan þarf jú að vera til staðar. Umhverfi þeirra einstaklinga

hefur kannski boðið upp á aðra hluti, þar sem áhuginn og geta liggur; stærðfræði, dans, fallhlífastökk. Og þá erum við aftur komin inn á spurninguna um meðfædda eða áunna getu. Er hún meðfædd eða áunnin? Þetta virðist fara í hringi.

8. Lokarorð

Er dró á rannsóknarvinnu á verkefni þessu týndust fleiri áhrifaþættir inn í jöfnuna og komst ég að því að þetta er viðfangsefni sem elur af sér fleiri spurningar en svör. Áhugaverðast fannst mér að leggja fram spurningu, sem mér finnst í raun er ekki hægt að svara á einn veg eða annan, og sjá hvað viðmælendur hefðu að segja. Það sem kom mér á óvart í niðurstöðum mínum eru hvað umhverfi og uppeldi eiga stóran þátt í máli. Við miðbik ritgerðar var ég orðin sannfærð um að hæfileikar væru mestmegnis áunnir en svo þegar heildarmyndin var tekin saman voru niðurstöður ljósar.

Niðurstaða mín er sú að einstaklingur fæðist með ákveðið forskot til söngs hvort sem það er í genum eða háð tilviljun. Vísindi sýna fram á að áður en ungabörn læra að tala þá sýna þau einstaka tónlistareiginleika sem svipar til viðbragða fullorðinna. Hægt að kenna sitt hvað og þó svo að mannum sé mögulega eðlislægt að syngja hafa allir ólíka getu. Síðan bætast við fjórir áhrifaþættir: persónuleiki, ástríða, menning og umhverfi sem hafa allir mismunandi áhrif á það hvernig einstaklingurinn mun syngja og mótast sem listamaður.

Heimildir

- Ari Alexander Ergis Magnússon leikstjóri, *Orðið tónlist: Jórunn Viðar*, heimildarmynd, Ergis Film Production, Reykjavík, 2009.
- Ayotte, J., Peretz, I. og Hyde, K. „Congenital amusia A group study of adults afflicted with a music - specific disorder“, í *Brain*, vol. 125, 2002, bls. 238-251.
<http://www.news.harvard.edu/gazette/2001/03.22/04-music.html>
- Cromie, W.J., „Music on the brain: researchers explore the biology of music“ í *Harvard University Gazette*, 2001.
- Fríða Dís Guðmundsdóttir, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffíu Bjargar, 7. janúar 2014.
- Gladwell, M. „Late Bloomers“, í *The New Yorker*, október 2008, sótt 26. nóvember 2013,
http://www.newyorker.com/reporting/2008/10/20/081020fa_fact_gladwell
- Hafsteinn Þórólfsson, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffíu Bjargar, 7. janúar 2014.
- Kristján Kristjánsson, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffíu Bjargar, 6. janúar 2014.
- Mason, David, The teaching (and learning) of singing, í *The Cambridge Companion to Singing*, John Potter ritstj., Cambridge University Press, Cambridge og New York, 2000, bls. 204-220.
- Ösp Eldjárn Kristjánsdóttir, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffíu Bjargar, 6. janúar 2014.
- Snorri Helgason, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffíu Bjargar, 7. janúar 2014.
- Valdimar Guðmundsson, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffíu Bjargar, 8. janúar 2014.
- Sigríður Thorlacius, „Spurningar fyrir BA ritgerð“, tölvupóstur til Soffíu Bjargar, 8. janúar 2014.
- Sacks, Oliver, *Musicophilia*, Picador, London, 2008.
- Robinson, Ken, *The Element; How finding your passion changes everything*, Viking, New York, 2009.
- Robinson, Ken, *Out of our minds; Learning to be creative*, Capstone Publishing Limited, West Sussex, 2001.

Weiss, L.V. „Evelyn Glennie“, í Percussive Arts Society, sótt 8. janúar 2014.
<http://www.pas.org/experience/halloffame/GlennieEvelyn.aspx>